

Fundargerð (51)

Fjarfundur haldinn á Teams fimmtudaginn 3. mars 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested og Heiða Vignisdóttir.
Frá BHM, Alda Margrét fulltrúi í matshópi sat fundinn undir dagskrárlið 1
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

1. **Skýrsla matshóps.** Fimmta framvinduskýrsla matshópsins fyrir febrúar 2022 lá fyrir í gögnum fundarins. Kolbeinn gerði grein fyrir henni og í umræðu komu fram áhyggjur af því hvort markmið BVV náist og hvort ófullnægjandi upplýsingar hjá matshópnum tefji og hafi áhrif á störf hans. Fulltrúi ASÍ í matshópnum boðaði forföll á fundinn en sendi svofellda tillögu:

Eins og fram kemur í skýrslu matshóps fyrir febrúar 2022 vantar sem fyrr gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Samningsaðilar eru skuldbundnir til að afla nauðsynlegra gagna svo matshópurinn geti sinnt sínu hlutverki og án fullnægjandi gagna er greiningarvinna ómarkviss og getur jafnvel verið villandi. Matshópnum ber á grunni nauðsynlegra gagna að halda utan um, greina og draga saman niðurstöður mælinga á lykilmælikvörðum, úttektum og spurningakönnunum og skila skýrslum sínum til stýrihópsins. Með því er stýrihópnum gert kleift að meta hvort breyting á vinnutíma vaktavinnufólks og aðlögun vinnuskipulags nær þeim markmiðum, sem lagt var upp með í nýju launamyndunarkerfi, þ.e. að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari, stöðugleiki í mönnun aukist og dregið verði úr yfirvinnu til að bæta öryggi og þjónustu við almenning. Matshópurinn telur rétt að forgangsraða tíma sínum og kröftum í ítarlega greiningu á grundvelli gagnaskila ríkis og Reykjavíkurborgar, en bíða með mat á gögnum frá öðrum launagreiðendum þar til þeim er skilað í samræmi við þær kröfur sem matshópurinn gerir.

Sigurjón Norberg Kjærnested greindi frá því að Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafi nú unnið nauðsynleg gögn til matshópsins og staðið skil á þeim rétt fyrir fund. Rætt um mikilvægi þess fyrir eftirfylgni með framgangi BVV að greiningarvinna sé markviss og gefi sem skýrastar vísbendingar. Tekið var undir áherslur í tillögu fulltrúa ASÍ og samþykkt að

mathópurinn forgangsraði tíma sínum í greiningu þeirra gagna sem borist hafa og teljast fullnægjandi.

2. **Fundargerð** frá síðasta fundi 3. febrúar 2022 samþykkt. Bára Hildur upplýsti að hvorki hafi unnist tími til að kanna samræmda framsetningu stöðuskýrslna innleiðingarhópa né til að ljúka gerð leiðbeininga vegna breytinga á launum sem greidd eru fyrir vinnu á stórhátíðum eftir innleiðingu BVV.
3. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir skýrsluna og gerði grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnari síðasta mánuðinn. Ábending kom frá Hörpu Ólafs varðandi orðalag undir liðnum **Innleiðing BVV hjá sjúkraflutningamönnum og slökkviliðum víðs vegar um land.** Bára Hildur leiðréttir orðalag í samráði við hana.
4. **Stöðuskýrslur innleiðingarhópa.** Í umræðu var þakkað fyrir stöðuskýrslur frá innleiðingarhópum allra launagreiðenda, þar sem fram kemur að verið er að fást við ýmis mismunandi viðfangsefni.
5. **Önnur mál**
Fram kom hugmynd frá Ragnari um að stýrihópurinn hittist fljótlega á fundi, þar sem unnt verði að ræða stöðu mála í góðu tómi og varða leiðina framundan m.a. varðandi matshópin. Vel var tekið í hugmyndina og samþykkt að Bára Hildur og Helga velti upp möguleikum á hentugum tíma og fyrirkomulagi.

Fundi slitið kl. 15.56. Næsti reglulegi fundur verður fimmtudaginn 17. mars 2022 kl. 14.30 en reynt að koma á sérstökum staðfundi fyrir þann tíma. Fundargerð er aðgengileg á Teams.